



Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 16. september 2024
MSS24050003

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa flokks fólksins um fundi aðgengisfulltrúa

Á fundi borgarráðs þann 2. maí 2024, var lögð fram meðfylgjandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fundi aðgengisfulltrúa. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu með bréfi dags. 19. ágúst sl.

Svar við fyrirspurn:

Aðgengisfulltrúi hefur verið í samskiptum við menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar (MÍT) og forstöðumenn allra sundlauga varðandi ýmis aðgengismál í sundlaugum borgarinnar.

Aðgengi blindra og sjónskertra í laugunum var m.a. til umræðu á fundi með forstöðumönnum lauganna 14. maí sl. Ákveðið var að taka fyrir Vesturbæjarlaug og skoða sérstaklega útfrá þessum notendahópi.

Aðgengisfulltrúi, forstöðumaður laugarinnar, ráðgjafi frá VSÓ og sérfræðingur frá Sjónstöðinni (Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu), hittust í Vesturbæjarlauginni þann 31. maí og ræddu ýmis atriði varðandi aðgengi blindra og sjónskerta í lauginni og í sundlaugum yfir höfuð.

Verið er að vinna samantekt og skoða nánar ýmis atriði varðandi Vesturbæjarlaug og verður sú vinna grundvöllur að aðgerðarlista vegna aðgengisúrbóta í öllum laugunum.

Hvað varðar að útbúa sérstakar leiðbeiningar vegna notkunar á læsingum fataskápa, þá er það á hendi MÍT að framkvæma þær. Lausnin sem slík er einföld, þeir sem kjósa geta keypt armband til eignar, sem læsir/af læsir skápum sem viðkomandi kys að nota í búningasklefunum.

Virðingarfyllst,
Bragi Bergsson
aðgengisfulltrúi
Umhverfis- og skipulagsvið

Hjálagt: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins

Borgarráð 2. maí 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fundi aðgengisfulltrúa MSS24050003

Flokkur fólksins óskar eftir upplýsingum um hvort haldinn hafi verið fundur með aðgengisfulltrúa vegna aðgengi blindra og sjónskerta að nýju snertilausu skápakkerfi í sundlaugum og hverjar voru niðurstöður þessa fundar, hafi hann átt sér stað.

Greinargerð

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram þessa fyrirspurn í framhaldi af það sem segir í fundargerð aðgengis- og samráðsnefndar fatlaðs fólks frá 4. apríl 2024. Í svari við fyrirspurn nefndarinnar um hvort leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta hafi verið útbúnar um notkun á nýju snertilausu skápakkerfi. Segir að aðilar á menningar- og íþróttasviði hafa verið í sambandi við aðgengisfulltrúa borgarinnar til að óska eftir aðstoð hans við að bæta aðgengi blindra og sjónskertra í sundlaugum Reykjavíkur. Til stóð að funda með aðgengisfulltrúanum í byrjun apríl og vill Flokkur fólksins vita hvort fundurinn hafi átt sér stað og hverjar voru þá niðurstöður hans.